




Afstöðumynd
1 : 500

BYGGINGAR- OG EFNISLÝSING FAXASLÓÐ 4, VESTURHÓP 01_24_003

A. Almenn atriði
Faxaslóð 4, Vesturhóp
Matshluti 02
Fasteignanúmer = F2134813
Landnúmer = 144553
Staðgr.nr. = 5508-12-00041154

B. Notkun og starfsemi
Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum með íbúð á efri hæð og tækjageymslu og geymslurými á neðri hæð. Aðkoma er að sunnan frá Faxaslóð en aðalinnangangur efri hæðar er á norðurhlöð fyrir miðju húsi. Þegar komið er inn í íbúð eru alrími, eldhús og stofa á hægri hönd en á vinstri hönd er salerni með þvottaaðstöðu ásamt svefnherbergi þaðan sem innangengt er inn í fataherbergi og annað salerni. Við suður og vesturhlöð íbúðar er verönd. Á neðri hæð eru tvær aksturshurðar á suðurhlöð en gönguhurðar á suður og vesturhlöð. Í vesturhlöð er tækjageymsla og í austurhelming er geymsla ásamt salerni.

C. Fjöldi hæða og stærðir
Húsið er á tveimur hæðum.
1.hæð flatarmál = 166,7 m²
2.hæð flatarmál = 91,2 m²
Brúttó flatarmál = 257,9 m²
Brúttó rúmmál = 897,9 m³

D. Stærð lóðar, nh, bílastæði
Lóðarstærð = 1,1 ha
Nýtingarhlutfall = 0,02
Bílastæði = 4

E. Almenn um burðarkerfi, hæðarskil, stiga, veggir og efstu loftaplötu/paks
Botnplata og milliplata verði staðsteyptar.
Útveggir og sökkklar neðri hæðar eru uppbyggðir með plasteinagrúnarkubbum.
Útveggir efri hæðar verða timburgrindarveggir.
Þak er timbursperruþak.
Álagskröfum vegna snjó, vind og jarðskjálfta er mætt að fullu og gert er grein fyrir því í burðarþolshönnun verkfræðinga.

F. Klæðningar og frágangur útvegga og þaks.
Botnplata verður staðsteypt 120 mm og einangruð að neðan með 100 mm plasteinangrun, 24kg/m³.
Milliplata er steypt, 200 mm og einangruð með 200 mm plasteinangrun undir verönd. Ofan á verönd komi ábræddur þakpappi, 50 mm timburlektur sem eru borðar í steypuna og neglingateip komi við festingar. Því næst komi annað lag af þakpappa og 25 mm timburborð sem pallefni. Ofan á milliplötu í íbúð komi 25 mm steinull, 70 mm ilögn með gólfhita og loks parket.
Sökkklar og útveggir neðri hæðar verða kubbaðir úr Nudura plasteinangrunarkubbum og múraðir að utan og innan.
Útveggir efri hæðar eru byggðir upp með 145x45 mm timburgrind og einangraðir á milli með steinullareinangrun (40kg/m³). Utan á grind komi 12 mm krossviður til stífunar, því næst 25x45 mm lektur og standandi viðarklæðning. Innan á grind komi rakaserra, 25x45 mm lagnagrind klædd af með gífsplötu, spórtluð og máluð.
Þak er einhalla frá norðri til suðurs með 7° þakhalla. Þak er uppbyggt með 245x45mm timbursperrum með 220mm steinullareinangrun á milli. Timbursperrur hvíla á hluta innvegga sem eru úr timburstöðum. Undir þaksperrur komi rakaserra, því næst 34x45mm lagnagrind og loks gífsklæðning. Ofan á sperrur komi 22 mm krossviður með ábræddum tregtendranlegum þakpappa. Því næst komi krosslektun svo loftrásir gangi í fjórar áttir. Þak verður klætt með 18/76 bárujárni. Gluggar og hurðir verði ál-timbur. Gler í gluggum sem ná nær jörðu en 60cm verði með samlímdu öryggisgleri skv leiðbeininginum í Rb-blaði (31).121.1 frá nóvember 2011.
Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, sbr. kafla í lögum um byggingavörur nr 114/2014.

G. Gerð og hæð handdríða, stigar, tröppur, svalir innan og utanhúss
Handríf á verönd eru glerhandríf, 1100 mm há.

H. Einangrun byggingarhluta og einangrunargildi
Útreiknaðar kólnunartölur og heildarleiðnitap
Byggingarhlutar Kröfur reglug. Reiknað
Útveggur steyptur 0.40W/(m²*k) 0.25 W/(m²*k)
Útveggur timbur 0.30W/(m²*k) 0.29 W/(m²*k)
Gluggar 2.00W/(m²*k) 1.70 W/(m²*k)
Gólf á fyllingu 0.30W/(m²*k) 0.29 W/(m²*k)
Þak 0.20W/(m²*k) 0.20 W/(m²*k)
Útveggir vegið meðaltal: 0.85W/(m²*k) 0.60 W/(m²*k)

Orkurammí (Sjá nánar í innlögðu orkurammaskjali):
Krafa = 333 ψ(W°C)
Raun = 303 ψ(W°C)
Krafa/raun (>1,0) = 1.10

I. Gerð innvegga og innihurða, hljóð- og brunavarnir
Milliveggir verða stöðaðir með blikkstöðum nema þeir veggir sem taka burð þeir eru með timburstöðum. Allir milliveggir eru með steinull á milli stöða, klæddir með spónaplötum og panel sem ysta byrði, nema í votrymum, þar skulu vera sementsbundnar plötur án pappirs sem klæðningarefni. Innihurðir eru hefðbundnar timburfleka hurðir. Gólf og lagnaveggir salerna verða flísalögð
Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 1.

J. Kerfisloft og uppbyggð gólf
Á ekki við

K. Lagnaleiðir, upphitun og loftræsting
Inntök heimlagna eru í tækjageymslu. Sjá nánar um lagnir í gögnum lagnahönnuðar.
Með öryggisbúnaði neysluvatnskerfis hússins skal komið í veg fyrir að hiti við töppunastaði fari yfir 65°C og stofnlagnir ekki undir 60°C samkvæmt ákvæðum í gr 14.5.10 í byggingarreglugerð frá árinu 2012. Neysluvatnslagnir eru úr aluþex og er lagt í plötu, kalt vatn neðan einangrunar en heitt ofan einangrunar.
Upphitun er með gólfhita, gólfhitalagnir eru plastlagnir ætlaðar í steypu.

L. Brunavarnir, flóttaleiðir, öryggi
Handslökkvitæki er staðsett í tækjageymslu og anddyri. Sjúkrakassi og læstur lyfjaskápur verði í geymslu. Samtengdir reykskynjarar verða í öllu húsinu. Úr svefnherbergi verði lögleg björgunarop.
Allar klæðningar verði í flokki 1.

M. Hljóðvistarkröfur
Á ekki við

N. Öryggisbúnaður innbrotar-, brunaviðvörðunar-, reyklosunar og vatnsúða
Á ekki við

O. Lyftur, vélbúnaður, þrýstibúnaður
Á ekki við

P. Algild hönnun
Húsið uppfyllir kröfur til algildrar hönnunar skv. byggingarreglugerðar nr.112 frá 2012 með áorðnum breytingum.

Q. Frágangur lóðar
Lóð verður höfð í sínu náttúrulega ástandi eins og kostur er. Land er afliðandi frá norðri til suðurs. Við suðurhlöð neðri hæðar skuli vera malar? plan Bíslóði ásamt gönguslóða komi meðfram vesturhlöð hússins og að ingangi íbúðar á norðurhlöð efri hæðar.


R. Meðhöndlun sorps og hættulegra efna
Eigendur sjái sjálfir um förgun á sínu sorpi skv. reglum sveitafélags

S. Sérþækar aðgerðir
Á ekki við

Ath. að hæðarkortar eru afstæðir.


12. SEP. 2024
Byggingarfulltrúi *Bogi Kristjánsson*

C:	
B:	
A:	
BREYTINGAR:	DAGS.:
Verkheiti	
VERKNR.:	01_24_003
KVARDI:	1 : 500 @A2
DAGS.:	21/06/24
TEIKNAD:	IFG,RFG,PRE
AFSTÖÐUMYND	YFIRFARIÐ:
Undirskrift eiginhönnuðar	
Undirskrift hönnunarstjóra	
Logi Már Einarsson arkitekt fai, kt. 210864 - 2969 Ingólfur F. Guðmundsson I.D. B.sc. kt. 010273 - 3079 Valþór Brynjarsson byggingafræðingur, kt. 240463 - 5209	




KOLLGÁTA
Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri
Sími 464 7880, www.kollgata.is
kollgata@kollgata.is

12. SEP. 2024
Byggingarfulltrúi *Bogi Kristjánsson*




1. Hæð
1 : 100




2. Hæð
1 : 100


SNID A-A
1 : 100



SNID B-B
1 : 100



SNID C-C
1 : 100



C:
B:
A:

BREYTINGAR: DAGS.:

FAXASLÓÐ 4, VESTURHÓP

Verkeiti

ADALUPPDRA'TTUR VERKNR.: 01_24_003

KVARÐI: 1 : 100 @ A2

DAGS.: 21/06/24

TEIKNAD: IFG,RFG,PRE

GRUNNMYNDIR-SNID YFIRFARID:

Undirskrift aðalhönnuðar


Ragnar P. Guðn.

Undirskrift hönnunarstjóra


Ragnar P. Guðn.

Logi Már Einarsson arkitekt fai, kt. 210864 - 2969
Ingólfur F. Guðmundsson I.D. B.sc, kt. 010273 - 3079
Valpór Brynjarsson byggingafræðingur, kt. 240463 - 5209


12. SEP. 2024
Byggingarfulltrúi *Boogi Hishinnsson*




Norður
1 : 100



Vestur
1 : 100



Suður
1 : 100



Austur
1 : 100

C:
B:
A:

BREYTINGAR: DAGS.:

FAXASLÓÐ 4, VESTURHÓP

Verkheiti

ADALUPPDRAOTTUR VERKNR.: 01_24_003

KVARÐI: 1 : 100 @ A2

DAGS.: 21/06/24

TEIKNAD: IFG,RFG,PRE

ÚTLIT YFIRFARID:

Undirskrift aðalhönnuðar

Ragnar P. Einarsson

Undirskrift hönnunarstjóra

Ragnar P. Einarsson

Logi Már Einarsson arkitekt fal, kt. 210864 - 2969
Ingólfur F. Guðmundsson I.D. B.sc, kt. 010273 - 3079
Valþór Brynjarsson byggingafræðingur, kt. 240463 - 5209



KOLLGÁTA
Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri
Sími 464 7880, www.kollgata.is
kollgata@kollgata.is